

145. löggjafarþing 2015–2016.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að efla samstarf Íslands og Grænlands (23. mál).

Frá Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál.

Vísað er til bréfs utanríkismálanefndar frá 2. mars 2016 þar sem Íslandsdeild er beðin um umsögn um tillögu til þingsályktunar um að efla samstarf Íslands og Grænlands.

Meginviðfangsefni þingmannanefndar um norðurskautsmál er að skipuleggja þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem haldin er annað hvert ár og fylgja eftir samþykktum hennar sem og að fylgjast grannt með störfum Norðurskautsráðsins. Þjóðþing Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands og Norðurlandanna fimm eiga fulltrúa í nefndinni og auk þess á Evrópuþingið fastan fulltrúa. Í samstarfinu er lögð áhersla á verkefni er lúta að sjálfbærri þróun og umhverfismálum. Undanfarin ár hefur einnig verið lögð sérstök áhersla á varðveislu menningararfleifðar og lífshátta frumbyggja landsvæðin við norðurskaut, sem og aukna efnahagslega og félagslega velferð íbúa norðursins.

Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál fagnar tillögu að þingsályktun um eflingu samstarfs Íslands og Grænlands. Íslandsdeildin hefur í starfi sínu lagt áherslu á mikilvægi vestnorræns samstarfs og vekur athygli á ráðstefnuyfirlýsingu þingmannanefndarinnar (CPAR) frá Whitehorse árið 2014 þar sem réttur íbúa norðurslóða til að nýta auðlindir sínar á sjálfbæran hátt er áréttaður.

Íslandsdeild fagnar sérstaklega þeirri áherslu sem fram kemur í o-lið í tillögunni þar sem lagt er til að lögð verði fyrir Alþingi stefnumótun um málefni frumbyggja á heimskautasvæðinu þar sem áhersla verði lögð á að styðja aðkomu þeirra og áhrif varðandi málefni sem snerta þá með beinum og óbeinum hætti.

Íslandsdeild hefur í starfi sínu gagnrýnt ákvörðun Evrópusambandsins um að banna innflutning og sölu á selaafurðum á sambandssvæðinu, þrátt fyrir að bannið hafi undanþegið frumbyggja Grænlands. Bannið hefur haft alvarlegar afleiðingar fyrir frumbyggja norðurskautsins, ekki síst á Grænlandi. Nauðsynlegt er að vernda hefðbundnar aðferðir frumbyggja og byggja sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda á rannsóknnum á heimskautasvæðinu.

Þá fagnaði Íslandsdeild áherslu á aukna vestnorræna samvinnu í álitinu um þingsályktunartillögu um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða frá 2011 og hefur lagt áherslu á vestnorræna samvinnu í starfi sínu.

Íslandsdeild lýsir yfir ánægju með þau markmið sem fram koma í tillögunni og vonar að þau verði til þess að efla enn frekar samstarf Íslands og Grænlands og varpa ljósi á sameiginlega hagsmuni og mikilvægi þeirra.

Jón Gunnarsson, formaður
Líneik Anna Sævarsdóttir, varaformaður
Valgerður Bjarnadóttir